

Akraneskaupstaður
Anna Þóra Gísladóttir
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 6. febrúar 2023
UST202302-014/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi fyrir Smiðjuvelli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akraness er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi fyrir Smiðjuvelli.

Í greinargerð kemur fram að hugsanleg aðalskipulagsbreyting felst í því að 2,4 hektara svæði verður afmarkað sem íbúðarbyggð og athafnasvæðið á Smiðjuvöllum minnkað að sama skapi. Sett yrðu ákvæði um blandaða byggð með atvinnustarfsemi á jarðhæð. Nýtingarhlutfall og húsaæðir yrðu skilgreindar í deiliskipulagi, sem auglýst yrði samhliða. Auk þess kemur fram að fyrir liggja drög að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla 12-22 þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð með íbúðum á efri hæðum og atvinnustarfsemi á jarðhæð. Í frumdrögum er gert ráð fyrir þriggja til sjö hæða byggingum og bílageymslu undir inngörðum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur